

Reykjavík, 26. mars 2018

HEIMSMEISTARAMÓTIÐ Í SKYLMINGUM UNGLINGA OG UNGMENNA



YFIR 1100 KEPPENDUR FRÁ 100 LÖNDUM

Dagana 1. – 9. apríl n.k. verður Heimsmeistaramót unglinga (U17, 17 ára og yngri) og ungmenna (U20, 20 ára og yngri) í skylmingum haldið í Verona, í Ítalíu. Fimm ungmenni á aldrinum 16 til 18 ára hafa verið valin til þátttöku fyrir hönd Íslands og keppa þau í skylmingum með höggsverði og stungusverði.

Þrátt fyrir ungan aldur eru þetta allt margverðlaunaðir skylmingarmenn bæði hérlandis sem og erlendis enda eru hér bæði Íslandsmeistarar og Norðurlandameistarar á ferðinni.

Það er mikill heiður fyrir Ísland og íslenskt skylmingarfolk að fá að taka þátt í þessu sterka og umfangsmikla evrópumeistaramóti og ekki síður er það mikill heiður fyrir þá einstaklinga sem valdir hafa verið til þátttöku í þetta skiptið. Mótið er geysi sterkt og ekki síst viðamikíð en þátttakendur eru fleiri en 1100 frá 100 löndum. Keppt er bæði í flokki 17 ára og yngri og í flokki 20 ára og yngri.

Alþjóða skylmingasambandið FIE bauð Andri Nikolaysson Mateev að taka þátt í æfingarbúðum sem tengist mótinu. Æfingarbúðirnar standa yfir í heila viku fyrir mótið. Þetta er afar dýrmætt tækifæri fyrir hann þar sem hann mun öðlast mikilvæga reynslu.

[HEIMASÍÐA KEPPNINNAR](#)

[DAGSKRÁ MÓTSINS](#)

SKYLMINGAFJÖLSKYLDAN

---)----- TEAM ICELAND -----(---

Fyrir hönd Íslands keppa:



Andri Nikolaysson Mateev, 8.4.2000

---)---- **Höggsverð**

Hann keppir 4. apríl í einstaklingskeppni í flokki 20 ára og yngri.



Daníel Þór Líndal Sigurðsson, 30.7.2001

---)---- **Stungusverð**


Hann keppir 8. apríl í einstaklingskeppni í flokki 17 ára og yngri.



Freyja Sif Stefnisdóttir, 18.6.1999

---)---- **Höggsverð**


Hún keppir 4. apríl í einstaklingskeppni flokki 20 ára og yngri.



Franklín Ernir Kristjánsson, 9.12.2002

---)---- **Höggsverð**

Hann keppir 4. apríl í einstaklingskeppni í flokki U20 og 5. apríl í flokki U17.



Hilmar Heiðdal, 29.04.2002

---)---- **Höggsverð**

Hann keppir 4. apríl í einstaklingskeppni í flokki U20 og 5. apríl í flokki U17.



Hilmar Örn Jónsson
Þjálfari



Nikolay Ivanov Mateev
Fararstjóri



Sigurður Sævarsson
Fararstjóri

Nánari upplýsingar veitir:
Nikolay Mateev, gsm: 898 0533

Fyrir hönd Skylmingasambands Íslands,
Nikolay Ivanov Mateev
Formaður